

**FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR  
(ESB) 2021/732**

2022/EES/76/03

frá 26. janúar 2021

**um breytingu á framseldri reglugerð (ESB) nr. 667/2014 að því er varðar inntak skýrslunnar sem rannsakandinn á að senda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar, réttinn til að láta álit sitt í ljós að því er varðar tímabundnar ákvarðanir og framlagningu fjársekta og févita (\*)**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 frá 4. júlí 2012 um OTC-afleiður, miðlæga mótaðila og afleiðuviðskiptaskrár (1), einkum 7. mgr. 64. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hefur verið breytt með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 (2). Þessar breytingar vörðuðu, m.a., skilgreininguna á fjárhagslegum mótaðilum, rétt til aðgangs aðila sem sæta rannsókn að rannsóknargögnum, sektir sem viðskiptaskrá, sem hefur, af ásetningi eða gáleysi, framið eitt af þeim brotum sem talin eru upp í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, og aðila sem sæta féviti til að koma athugasemdum á framfæri.
- 2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2014 (3) var samþykkt á grundvelli 7. mgr. 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og fjallar um málsmeðferðarreglur um sektir sem Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin leggur á viðskiptaskrár, þ.m.t. reglur um réttinn til varnar. Þar sem breytingarnar sem innleiddar voru í reglugerð (ESB) nr. 648/2012 með reglugerð (ESB) nr. 2019/834 varða þessar málsmeðferðarreglur er nauðsynlegt að tryggja að þessar breytingar séu einnig endurspeglaðar í framseldri reglugerð (ESB) nr. 667/2014.
- 3) Mikilvægt er að gagnsæi sé tryggt milli rannsakenda sem tilnefndur er af Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni í samræmi við 64. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 og stofnunarinnar sjálfrar. Slíkt gagnsæi krefst þess að skrár rannsakandans innihaldi framlag aðila sem sæta rannsókninni og yfirlit niðurstaðna sem framlag þessara aðila byggjast á.
- 4) Samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 hefur Evrópska verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunin möguleika á að aðlaga tímabundnar ákvarðanir, ef grípa þarf til bráðra aðgerða, án þess að hlýða fyrst á aðila sem sæta rannsókn eða málsmeðferð. Til að tryggja skilvirkni valdheimilda Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar til að samþykkja tímabundnar ákvarðanir ættu aðilar sem sæta rannsókn hvorki að hafa rétt að aðgangi að skránni né eiga rétt á áheyrn áður en rannsakandinn leggur fram skrána með niðurstöðum sínum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða áður en Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir tímabundna ákvörðunina. Til að virða réttinn til varnar ættu aðilar sem sæta rannsókn þó að eiga rétt á aðgangi að skránni strax og rannsakandinn hefur lagt skrána með niðurstöðum sínum fram til Evrópsku verðbréfamarkaðs-eftirlitsstofnunarinnar og rétt til að flytja mál sitt strax eftir að Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur samþykkt tímabundna ákvörðun sína.

(\*) Þessi ESB-gerð birtist í Stjútíð. ESB L 158, 6.5.2021, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 252/2022 frá 23. September 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stjútíð. ESB L 201, 27.7.2012, bls. 1.

(2) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2019/834 frá 20. maí 2019 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar stöðustofnunaraskyldu, frestun á stöðustofnunaraskyldu, kröfur um skýrslugjöf, aðferðir til mildunar áhættu fyrir OTC-afleiðusamninga sem miðlægur mótaðili stöðustofnar ekki, skráningu og eftirlit með afleiðuviðskiptaskrá og kröfum fyrir afleiðuviðskiptaskrár (Stjútíð. ESB L 141, 28.5.2019, bls. 42).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 667/2014 frá 13. mars 2014 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 648/2012 að því er varðar málsmeðferðarreglur um viðurlög sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin beitir afleiðuviðskiptaskrár, þ.m.t. reglur um rétt til varnar og ákvæði um tímamörk (Stjútíð. ESB L 179, 19.6.2014, bls. 31).

- 5) Samkvæmt 5. mgr. 68. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal færa fjárhæðir sem samsvara sektum og févítum sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir í fjárlög Sambandsins. Sektir og févíti sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir skal færa á vaxtaberandi reikninga þar til þau verða endanleg. Fyrir hverja ákvörðun um að beita sektum eða févíti skal færa fjárhæðirnar sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir á aðskilinnreikning eða undirreikning til að tryggja rekjanleika þar til ákvörðunin verður endanleg.
- 6) Breyta ætti framseldri reglugerð (ESB) nr. 667/2014 til samræmis við það.
- 7) Í þágu tafarlausrar framkvæmdar Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar á skilvirku eftirliti og framkvæmdaheimildum ætti þessi reglugerð að öðlast gildi sem fyrst.

#### SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

##### *1. gr.*

Framseldri reglugerð (ESB) nr. 667/2014 er breytt sem hér segir:

- 1) Eftirfarandi kemur í stað 1. mgr. 3. gr.:

„1. Fullgerð skýrsla sem rannsakandinn á að senda til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal innihalda eftirfarandi skjöl:

- a) yfirlit niðurstaðna og afrit af yfirlits niðurstaðna sem sent er til aðilans sem sætir rannsókninni,
- b) afrit af skriflegu framlagi aðilans sem sætir rannsókninni,
- c) útdráttur úr allri munnlegri skýrslutöku.“

- 2) Eftirfarandi 3. gr. a bætist við:

„3. gr. a

#### **Réttur til að flytja mál sitt fyrir Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunina að því er varðar tímabundnar ákvarðanir um eftirlitsráðstafanir**

1. Þrátt fyrir 2. og 3. gr. gildir málsmeðferðin sem sett er fram í þessari grein ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir tímabundnar ákvarðanir samkvæmt annarri undirgrein 1. mgr. 67. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012.

2. Rannsakandinn skal leggja fram skrána með niðurstöðum sínum til Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar og upplýsa án tafar aðilana sem sæta rannsókn um niðurstöður sínar en ekki veita þeim aðila tækifæri til að leggja fram greinargerð. Í því yfirliti niðurstaðna rannsakandans skal setja fram þær staðreyndir sem líklegar eru til að fela í sér eitt eða fleiri af þeim brotum sem talin eru upp í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, þ.m.t. íþyngjandi eða mildandi þætti þessara brota.

Ef óskað er eftir því skal rannsakandinn veita aðilanum sem sætir rannsókn aðgang að skránni.

3. Telji Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin að staðreyndirnar sem lýst er í yfirliti niðurstaðna rannsakandans feli ekki í sér brot sem skráð er í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012, skal hún ákveða að loka rannsókninni og skal hún tilkynna slíka ákvörðun til þess aðila sem sætir rannsókn.

4. Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin ákvarðar að eitt eða fleiri ef þeim brotum sem skráð eru í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hafi verið framin af aðila sem sætir rannsókn og samþykkir tímabundna ákvörðun um að beita eftirlitsráðstöfunum eins og mælt er fyrir um í a-, c- og d-lið 1. mgr. 73. gr. reglugerðar (ESB) nr. 648/2012 skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin án tafar tilkynna aðilanum um þá tímabundnu ákvörðun.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal gefa aðilanum sem sæta rannsókn hæfilegan frest til að leggja fram skriflega greinargerð um tímabundnu ákvörðunina. Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnuninni er ekki skylt að taka tillit til skriflegra framlaga sem berast eftir að fresturinn er útrunninn.

Ef óskað er eftir því skal Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin veita aðilanum sem fellur undir rannsóknina aðgang að skránni.

Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin getur einnig boðið aðilum sem sæta rannsókn að vera viðstaddir munnlega skýrslutöku. Aðilar sem sæta rannsókn mega njóta aðstoðar lögfræðinga sinna eða annarra hæfra aðila sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin hefur viðurkennt. Munnleg skýrslugjöf skal ekki fara fram opinberlega.

5. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal hlýða á aðilann sem sætir rannsókn og taka endanlega ákvörðun eins fljótt og mögulegt er eftir að tímabundin ákvörðun hefur verið samþykkt.

Telji Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin, á grundvelli fullgerðrar skrár og eftir að hafa hlýtt á aðilana sem sæta rannsókn, að eitt eða fleiri brot sem eru talin upp í I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 648/2012 hafi verið framin af aðila sem sætir rannsókn, skal hún samþykkja staðfestingarákvörðun um að beita einni eða fleiri af eftirlitsráðstöfununum sem mælt er fyrir um í a-, c- og d-lið 1. mgr. 73. gr. í reglugerð (ESB) nr. 648/2012. Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin skal tilkynna hlutaðeigandi aðila sem sætir rannsókn um þá ákvörðun án tafar.

Ef Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin samþykkir endanlega ákvörðun sem staðfestir ekki tímabundnu ákvörðunina telst tímabundna ákvörðunin vera felld niður.“

3) Ákvæðum 8. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar komi eftirfarandi:

„Fjárhæðir sekta og févita sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir skulu lagðar inn á vaxtaberandi reikning sem er stofnaður af þeim sem annast bókhaldsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar þar til þær verða endanlegar. Ef um er að ræða margar sektir eða mörg féviti sem Evrópska verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunin innheimtir samhliða skal sá sem annast bókhaldsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar tryggja skráningu þeirra á mismunandi reikninga eða undirreikninga. Eigi skal færa greiddar fjárhæðir í rekstraráætlun Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar eða skrá þær sem rekstrarfjárhæðir.“

b) Í stað þriðju undirgreinar kemur eftirfarandi:

„Sá sem annast bókhaldsstjórn Evrópsku verðbréfamarkaðseftirlitsstofnunarinnar skal gera þeim sem fer með greiðsluheimildir á stjórnarsviði fjármálastöðugleika, fjármálaþjónustu og sambandi fjármagnsmarkaða framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins reglulega grein fyrir fjárhæðum sekta og févita sem eru lagðar á og stöðu þeirra.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 26. janúar 2021.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Ursula VON DER LEYEN

*forseti.*